

17. maí 2024




Blaðamannafundur um málefni Grindavíkur

Tillögur til stuðnings atvinnurekstrar í Grindavík




Viðspyrnustyrkir



Stuðningslán með
ríkisábyrgð



Framhald á
launastuðningi



Afurðasjóður
Grindavíkur


Viðspyrnustyrkir til fyrirtækja í Grindavík

Til að mæta aðstæðum rekstraraðila í Grindavík er lagt til að tímabundinn rekstrarstuðningur framlengdur í breyttri mynd í sex mánuði.

Úrræðið er útvíkkað verulega frá því sem verið hefur.

Breytt útfærsla tekur við 1. júlí þegar núverandi stuðningsúrræði rennur sitt skeið

Með fyrirvara um samþykkt Alþingis



Stuðningslán með ábyrgð ríkissjóðs



Rekstrarhæf fyrirtæki í Grindavík fá með þessu úrræði tækifæri til að taka lán með ríkisábyrgð til að byggja upp rekstur að nýju.

Útfærsla

Ríkisábyrgðin veitir greiðari aðgang að lánsfjármagni, lægri vexti og greiðslufrest.

Markmið

- Með þessari leið er hægt að hjálpa fyrirtækjum í Grindavík við að halda áfram starfsemi.
- Lánveiting með ríkisábyrgð er þekkt leið sem nýtt hefur verið með góðum árangri til að aðstoða fyrirtæki á óvissutímum

Unnið verður að lagafrumvarpi og reglugerð í sumar og verður frumvarp lagt fyrir Alþingi í upphafi haustþings


Stuðningur til greiðslu launa framlengdur til 31. ágúst 2024



Upphaflega samþykkt á Alþingi í nóvember 2023. Framlengt í febrúar 2024 til loka júní.



Markmið laganna er að vernda afkomu fólks sem getur ekki mætt til vinnu vegna þess að starfsstöð þeirra er í Grindavík. Einnig er markmið laganna að viðhalda ráðningarsambandi atvinnurekanda og starfsfólks þannig að sem flestir haldi störfum sínum.




Ríkið greiðir allt að 633.000 krónur á mánuði auk framlags í lífeyrissjóð.

Afurðasjóður Grindavíkur verður til



Afurðasjóður Grindavíkur að
fyrirmynd Bjargráðasjóðs



Með þessari aðgerð er dregið úr
áhættu rekstraraðila og þannig stuðlað
að því að fyrirtæki geti starfað í
bænum




Markmiðið er að koma á fót úrræði til
að tryggja hráefni og afurðir fyrirtækja
í Grindavík fyrir tjóni vegna náttúruvár.

Frumvarp verður lagt fram á Alþingi í júní

Sérstakur húsnæðisstuðningur framlengdur til áramóta



Lög um sérstakan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík verða framlengd til áramóta.



Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað Grindvíkinga sem þurfa að leigja húsnæði til íbúðar utan Grindavíkurbæjar vegna jarðhræringanna.



Í marsmánuði höfðu 836 heimili nýtt sér húsnæðisstuðning

Verkefnin framundan

Verkefni 17. maí til 5. júní

Lagasetning

- Fjármálaráðuneytið undirbýr viðspyrnustyrk
- Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið undirbýr framlengingu launaúrræðis
- Matvælaráðuneytið undirbýr stofnun Afurðasjóðs að fyrirmynd Bjargráðasjóðs
- Frumvörp lögð fram á vorþingi

Stjórnsýsla

- Framkvæmdanefnd Grindavíkur tekur til starfa
- Þjónustuteymi á sviði velferðar- og skólaþjónustu tekur til starfa

Verkefni 17. maí til hausts

Stjórnsýsla

- Fjármálaráðuneytið undirbýr stuðningslánaúrræði

17. maí 2024



Blaðamannafundur um málefni Grindavíkur